

Í skilmálum gildandi deiliskipulags :

Á lóðunum er heimilt að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús, þó ekki stærri en 25 fm. Óheimilt er að hafa hjólhýsi á lóðunum til langtíma.

Tillaga að breytingu á ofangreindum skilmálum:

- # Á lóðunum og innan byggingareits er heimilt að reisa 1 aukahús (t.d. gestahús, geymsla, gróðurhús). Aukahúsið skal ekki vera stærra en 40 fermetrar. Óheimilt er að hafa hjólhýsi, gáma (sýnilega eða niðurgrafna) eða aðra lausamuni á lóðunum til langtíma. Byggingarfulltrúi getur veitt stöðuleyfi fyrir slíku skv. reglum sem um það gilda á hverjum tíma.

Skilmálar haldast að öðru leyti óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 21. ágúst 2019
